

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

HEILSAÐU UPP Á ÞIG

HOLLT
OG GOTT
Á HAGSTÆÐU
VERÐI.

Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur.
Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið
trefjaríkir og fitulitlir.

SERRANO.IS



6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI


serrano
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

„Kötturinn mættur að kíkja á gluggann, kauði að tékka á læðunni. Svo skriður hann aftur beint inn í skuggann og ég sleppi skammarræðunni.“ – Jón Ólafsson um Júpíter



**HALLA SÝNIR FRÁBÆRA
FRAMMISTÖÐU Í
SUMARLANDINU**

Á 60 SEKÚNDUM
Fyrstu sex: 26.09.90
Hvað hræðistu mest? Bilslýs.
Uppáhaldsstaður í heiminum? Sveitirnar mínar.
Myndirðu samþykkja að koma nakin fram? Allavega ekki eins og er.
Besta húsráð sem þú kannt? Að þrifa spegla með dagblöðum.
Mesta prakkaratrik? Þegar ég málaði hvítan kött frænku minnar í öllum regnbogans litum.

Koss í fyrstu tókunni

Mynd/Kristinn

Hallfríður Þóra birtist í fyrsta skipti á hvíta tjaldinu í Sumarlandinu

„Grímur leikstjóri var í vandræðum með að finna réttu stelpuna í hlutverkið og hringdi í félagi sinn sem benti á mig,“ segir Hallfríður Þóra Tryggvadóttir, en hún leikur hina ungu Ásdís í kvikmyndinni Sumarlandið sem var frumsýnd síðasta fimmtudag. „Ég fór í prufur og svo fleiri prufur og áður en ég vissi af var ég komin með hlutverk í minni fyrstu kvikmynd,“ segir Halla, eins og hún er oftast kölluð.

kyssa mótleikara sinn, Snorra Engilbertsson, í fyrsta atriðinu sem var tekið upp með þeim. Hún segir tókurnar hafa gengið vel þó hún hafi ekki búið yfir reynslu í kvikmyndaleik og að það sé allt öðruvísi að leika í kvikmynd en á sviði. Halla útskrifaðist úr Versló en þar tók hún þátt bæði í leikritum og söngleikjum ásamt því að taka þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna nú í ár þar sem hún lenti í þriðja sæti.

taka á móti gestum í hverri viku. Það nýttu sér allir að fá ókeypis gistingu í Köben þetta vorið sem var ótrúlega skemmtilegt.“

Leiklistin heillar

Þessa dagana er Halla í Háskóla Íslands að læra bókmenntir og listasögu. Hún ætlaði sér í leiklistarnám í Listaháskólanum og fór í inntöku-prufur þar núna í vor og komst í lokahópin en ekki alla leið inn í skólann. „Mig langar mjög mikið í leiklistarnám en ég held ég þurfi að þroskast og öðlast víðtækari reynslu til þess að geta nýtt mér námið sem best,“ segir Halla og bendir á hversu mikill munur er að koma út úr menntaskóla og sjá hversu mikið er hægt að gera. Hún segir leiklist vera hennar helstu ástríðu og stefnir á að reyna aftur að komast inn í leiklistarskóla hvort sem það verður hér á landi eða úti í heimi.

Lærði djasssöng og fatahönnun í Köben

Árið 2008 fór Halla til Kaupmannahafnar í eina önn að læra söng, fatahönnun og dans, en á meðan tók hún fjarnám við Verzló til að detta ekki aftur úr í náminu. „Mig langaði til að auka við söngnámið mitt og fara aðeins út fyrir þetta klassíska,“ segir Halla en hún lærði djasssöng meðan á dvölinni stóð. „Annars var ég bara að

Fyrsti tókudagurinn vandræðalegur

Sumarlandið var tekin upp sumarið 2009 og hófust æfingar stuttu eftir að Halla var valin í hlutverkið. „Ég var boðuð í prufur daginn eftir að vorprófin kláruðust og skömmu seinna byrjuðu æfingar fyrir tókur sem hófust í júlí,“ segir Halla og viðurkennir að fyrsti tókudagurinn hafi verið frekar vandræðalegur þar sem hún þurfti að

Monitor mælir með

LEIÐ Kvikmyndin Wall Street:

Money Never Sleeps með ofurtöfaranum

Michael Douglas í aðalhlutverki er frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins nú um

helgina. Fyrri myndin er auðvitað klassísk og segja menn að þessi gefi henni ekkert eftir. Svo er um að gera að nýta sér það að Monitor er að gefa miða á myndina á Facebook.



FYRIR SPÉHRÆDDA

Ef þú vilt skella þér í heita pottinn nú þegar tekið er að dimma og

kólna, en finnst óþægilegt að berhátta þig fyrir framan aðra, er Sundhöllin í Reykjavík tilvalinn kostur. Þar eru margir litlir sérklefar inni í

búningsklefunum en þar geturðu skipt yfir í sundfötin án þess að nokkur sjái. Þar að auki geturðu tekið sundsprett innandyra í skjóli frá veðri og vindum.

FYRIR MENNINGUNA

Á kvikmyndahátíðinni RIFF færðu tækifæri til að sjá fjölda bíómynda frá öllum heimshornum sem þú líklega hefðir aldrei orðið var við að öðrum kosti.


Gríðarlegur fjöldi bíómynda er í boði og þeir sem vilja sjá þó nokkrar geta skellt sér á

passa. Þeir sem hafa lítinn frítíma geta líka keypt sér klippikort eða borgað sig inn á einstaka sýningar. Hátíðin stendur frá 23. september til 3. október. Nú er um að gera að vera svolítið menningarlegur.



Vikan á...

facebook



Vala Grand I AM HIS CAKE AND HES MY CREAM AND CANT WAIT

TO GET HIM ON TOP OF ME :D SHOWING THEM WE CAN BE SWEET :D

20. september kl. 11:07



Steinþór Helgi Arnsteinsson Af hverju er Eminem alltaf svona reiður?


21. september kl. 13:02



Logi Geirsson Jæja þetta er einn mesti gleðidagur í mínu lífi ;)

Bókin er að fara í prentun í dag. Nú er tilefni til að setja upp party... 10.10.10

21. september kl. 13:37



Ásdís Rán I am sooooo sad.... My tears will fall for Bulgaria now.

21. september kl. 21:14

Feitast í blaðinu

Mammút verður á Ring Rokkfest á Októberfest sem fer fram um helgina. >>4

Stíllinn ræðir við Helgu sem fór í starfsnám hjá three-ASFOUR í New York. >>6

Gylfi Þór Sigurðsson er Ronaldo Íslands. Hann er í skemmtilegu viðtali. >>8

Michael Douglas er í nýju Wall Street-myndinni sem er frumsýnd um helgina. >>12

Ólöf Jara Skagfjörð leikkona úr Buddy Holly þreytir Lokaprófið með glans. >>14

Efst í huga Monitor

Stjörnuköttur Íslands

Tónlistarparið Þórunn Antonía og Ágúst Bent bíður nú í ofvæni eftir að sambýlismaður þeirra, Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, bregði sér af landi brott. Þau hafa ákveðið að fá sér kött en Dóri er með alvarlegt kattaofnæmi og stendur því í vegi fyrir komu gæludýrsins inn á heimilið. Halldór er á leiðinni til Þýskalands von bráðar og samkvæmt heimildarmönnum Monitor hyggjast Þórunn og Bent grípa gæsina og taka að sér köttinn Júpíter.


Júpíter var áður í eigu tónlistarmannsins Jóns Ólafssonar og er kötturinn sem um ræðir í laginu Sunnudagsmorgunn. Júpíter er semsagt kauðinn sem var að tékka á læðunni þegar Jón Ólafsson sleppti skammarræðunni. Sannkallaður stjörnukisi!



JÓN ÓLAFSSON UPPRUNALEGUR EIGANDI JÚPÍTERS



DÓRI DNA ER MEÐ OFNÆMI



BENT OG ÞÓRUNN ANTONÍA ÁSÆLAST KÖTTINN JÚPÍTER



ÞÓRUNN ANTONÍA ÁSÆLAST KÖTTINN JÚPÍTER



Hvað er mjálið?

JÚPÍTER JÓNSSON



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is)

Sigrún Jónsdóttir (sigrun@monitor.is) **Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson

Forsíða: Ernir Eyjólfsson **Grafík:** Elín Esther **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is



Á Trúnó yfir kókópöfss

K.d. Lang-lokur og kókópöfss með kaldri mjólk er á meðal þess sem verður í boði á kaffihúsinu Trúnó sem opnar í fyrri hluta október á horni Laugavegs og Klapparstígs. Líkt og Barbara á hæðinni fyrir ofan er Trúnó ætlað að höfða til samkynhneigðra viðskiptavina og verður það gert með ýmsum hætti. „Við verðum með vínsmökkun, osta- og rauðvínskvöld og bókmenntakvöld. Allt með húru ívað,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, helmingur hýra plötusnúðateymisins Dj Glimmer, en þær stöllur munu koma að rekstrinum og setja mark sitt á hann. „Matseðillinn vitnar í fræga einstaklinga og það er smá húmor á bakvið hann sem þeir sem eru gay fatta. Svo verða borðin nefnd eftir þekktum hýrum einstaklingum, t.d. Ellen DeGeneres. Við ætlum að reyna að ná húru stemningunni þannig í staðinn fyrir að vera bara með regnbogafána úti um allt.“



Sing For Me Sandra gefur út plötu

Íslenska hljómsveitin Sing For Me Sandra gefur út fyrstu plötu sína, Apollo's Parade, á þriðjudaginn í næstu viku. Hljómsveitin var flott á Airwaves á síðasta ári og munu strákarnir vafalaust trylla lýðinn aftur er þeir koma fram á hátíðinni nú í október. Hljómsveitin var stofnuð árið 2006 en þeir biðu fram til ársins 2009 með að gefa út sínar fyrstu smáskífur, The Fight og Time Will Tell, sem fengu báðar mjög góðar viðtökur.



Gillz og Blö mæta á Nellz

„Ég er að fara að horfa á hann pakka einhverjum rasshaus saman,“ sagði Egill „Gillz“ Einarsson þegar Monitor náði tali af honum, en hann og Auðunn Blöndal eru á leið út til London um helgina að horfa á Gunnar Nelson í bardaga. „Ég fer með spilafíklunum og alkóhólistanum honum Blö og erum við að fara að taka upp fyrir Stöð 2,“ sagði Gillz um ferðina. Gunnar berst við Eugene Fadiora á laugardaginn en sá er talinn með efnilegustu boxurum Bretlands um þessar mundir.

MAMMÚT verða á Ring Rokkfest á Októberfest



ALEXANDRA, KATRÍNA OG ÁSA ERU STELPURNAR Í MAMMÚT

Kynja-hlutfallið ekki mikilvægt

Monitor ræddi við Katrínu Mogensen, söngkonu í Mammút, um ferðalög, framtíðarplön og frægðina.

Hafið þið einhvern tímann íhugað að reka eina stelpu úr hljómsveitinni til að jafna kynja-hlutfallið? Nei, við höfum ekkert þælt mikið í kynjahlutfallinu. Það er ekki mikilvægt fyrir okkur.

Báðar plötur ykkar hafa fengið frábæra dóma hér á landi sem og erlendis.

Já, það er náttúrulega frábært að fá góða dóma og mjög hvetjandi. Gaman að fólk sé að fíla plötur þegar þær koma út eftir mikla vinnu í stúdíóinu. Það er ótrúlegur plús og þínu eins og að fá góða einkunn á prófi eftir að hafa undirbúið sig vel fyrir það. Við vissum samt á meðan á gerð plötunnar stóð að við værum að gera góða hluti.

Nú hafið þið spilað víðs vegar um Evrópu. Hvar er skemmtilegast að spila? Við erum búin að spila núna tvisvar í Tékklandi og Sviss og bæði löndin eru alveg frábær og geðveikt skemmtilegt að spila þar. Tónleikarnir þar eru eftirminni-legastir, sérstaklega Sviss því þar spiluðum við á rosalega fallegum stað sem heitir Thun og þar er einstaklega fallegt landslag. Fólkið í Tékklandi var æðislegt, það hafði svo mikla útgeislun.

Hvernig gekk tónleikaferðalagið í sumar? Mjög vel. Við fengum góðar viðtökur hvert sem við fórum. Á tónlistarhátíðum sem við spiluðum á var mjög mikið af fólki, mest 6 þúsund manns held ég, en stundum

vorum við bara að spila á litlum börum sem tóku kannski ekki meira en 50 manns. Í heildina gekk þetta tónleikaferðalag vonum framar.

Er ný plata á leiðinni? Við erum á fullu að semja nýtt efni núna og erum að undirbúa Airwaves þar sem við ætlum vonandi að vera með einhver ný lög. Svo stefnum við á að taka upp nýja plötu sem fyrst en við erum ekki búin að negla neitt niður hvenær við förum í stúdíó.

Ef Mammút væri að spila Risk núna, hvort væruð þið með missið Control North America eða Control Europe? Við stefnum á Evrópu en svo veit maður aldrei.

MAMMÚT

Stofnuð: Seint árið 2003.
Uppruni: Öll úr Reykjavík.
Meðlimir: Katrína Mogensen (söngur), Vilborg Ása Dýradóttir (bassi), Alexandra Baldursdóttir (gítar), Arnar Pétursson (gítar) og Andri Bjartur Jakobsson (trommur).
Plötur: Mammút (2006) og Karkari (2008).
Þrjú góð lög: Drekasöngvar, Dýradóttir og Rauðilækur.

Með nýju plötunni ætlum við samt að byrja á missioninu Control Iceland og sjá svo bara til.

Hvað ætlar Mammút að bjóða gestum Ring Rokkfest upp á? Uppljómun og gleði.



Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta Vespa frá Piaggio eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Verð frá 489.000 kr.

Reynslan er góð!



sms smálán

Þetta er
sniðugt!



Hjá Kredia getur þú fengið smálán þegar þig vantar smá lán í stuttan tíma. Að fá smálán er ótrúlega einfalt og það er afgreitt strax inn á bankareikninginn þinn.*

Smálán á vefnum

Á vefnum kredia.is skráir þú þig og þar getur þú einnig sótt um smálán. Í fyrsta sinn sem þú notar þjónustuna getur þú tekið lán sem nemur 10.000 krónum. Lánið þarf að endurgreiða innan 15 daga. Hvert lán sem þú tekur veitir þér rétt til herra láns næst þegar þú þarft smálán.**

Smálán með síma

Þegar þú hefur skráð þig á kredia.is getur þú notað þjónustuna hvar og hvenær sem er með því að senda sms til **1919** með upphæð láns. Þú getur einnig hringt í **515 1919** og gengið frá láninu með þjónustufulltrúa í þjónustuveri.

Verðskrá		
Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr.	2.500 kr.	12.500 kr.
20.000 kr.	4.750 kr.	24.750 kr.
30.000 kr.	7.000 kr.	37.000 kr.
40.000 kr.	9.250 kr.	49.250 kr.

*Smálán eru aðeins veitt fjárráða einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem ekki eru á vanskilaskrá.

**Lántaki getur einungis haft eitt lán í einu, nýtt lán er ekki veitt nema fyrra lán sé endurgreitt að fullu.



1. Þú skráir þig á www.kredia.is og sækir um að gerast lántakandi (tekur aðeins örfáar mínútur).



2. Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið **1919**.



3. Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

„Ég átti ekki þrjú þúsund þör af skóm. Ég átti eitt þúsund og sextíu.“ **Imelda Marcos**



HAUSTLÍNAN 2010 HJÁ THREEASFOUR ER GIRNILEG



Umhverfisvænar töscur vinsælar hjá stjórnunum

Kolors er ný netverslun sem selur handunnar umhverfisvænar töscur. Töskurnar eru framleiddar af bandaríska fyrirtækinu Ecoist og eru þær búnaðar til úr endurunnu efni svo sem sælgætisbréfum, gosflöskum, strikamerkjum, dagblöðum og tímaritum. Ecoist er í samstarfi við mörg helstu fyrirtæki heims á borð við The Coca-Cola Company, Disney, Mars, Frito Lay, Luna Bar og Aveda. Fyrirtækin hafa með framlagi sínu komið í veg fyrir að um 15 milljón sælgætis- og gosumbúðir séu urðaðar og þannig stuðlað að hreinni náttúru.

Töskurnar eru framleiddar í Mexíkó og Perú eftir Fair Trade stefnunni en stefnan gengur í grófum dráttum út á sanngjörn laun og vinnutíma starfsfólks, heilsusamlegt vinnuumhverfi og að borin sé virðing fyrir staðarmenningu framleiðslulandsins.

Fyrir hverja selda tösku er plantað einu tré. Náttúruverndarstöðin Trees for the Future sér um að gróðursetja tré á svæðum sem orðið hafa fyrir náttúruhamförum, mengun frá verksmiðjum, eldsvoðum og fleira, en fyrirtækið er í samstarfi með framleiðanda taskanna. Undanfarin fjögur ár hefur þetta samstarf stuðlað að því að 80.000 trjám hefur verið plantað víðs vegar um heiminn.

Í myndinni Sex and the City 2 má sjá Samönthu (Kim Cattrall) skarta silfurtösku frá Ecoist. Auk þess hafa fjölmargar stjórnur í Hollywood keypt sér umhverfisvæna tösku frá Ecoist, t.d. Cameron Diaz, Christina Ricci, Mary Louise Parker, Paris



Föt og tíska draumavinnan

Helga Jóakimsdóttir fór til New York í starfsnám og vann hjá hönnuðunum threeASFOUR í sumar

Helga Jóakimsdóttir er nemi á þriðja ári í Tækniskólanum í Reykjavík en þar er hún að læra kjólasaum. Helga fór til New York í byrjun sumars í starfsnám og vann hjá hönnuðunum threeASFOUR í allt sumar, eða þrjú mánuði. „Ég þurfti að fara í starfsnám, maður þarf að gera það í skólanum til þess að halda áfram og ég ákvað að fara út. Mig langaði ekki að vera hérna heima,“ segir hún. „Ég hafði heyrt af þeim í gegnum frænku mína og sótti bara um,“ segir Helga. Hún var ásamt fimm nemum ráðin í starfsnám hjá hönnuðunum en hinir nemarnir voru frá Þýskalandi, Danmörku og Frakklandi.

frá þeim, fór síðan að sauma það og máta það og síðan að breyta og bæta. Þetta var bara allt ferlið,“ segir Helga.

Hún segir dvölina úti hafa verið mikla reynslu fyrir sig og bætur við að hún hafi einnig lært mikið af hinum nemunum. „Við settum meðal annars upp sýningu í Washington með tiskulínu frá 2010, sem hét „Cut piece performance“. Þar vorum við að setja upp sýninguna sjálf, tókum þátt og vorum módel sjálf. Við gerðum allt,“ segir Helga. Einnig vann hún að nýrri vorlínu threeASFOUR.

Filar sig vel í Tækniskólanum

Helga kann vel við námið í Tækniskólanum. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt. Þetta er ekki hönnunarnám, þetta er svona verklegi þátturinn. Maður er að læra að gera snið og sauma,“ segir Helga. Aðspurð hvort framtíðin sé ráðin segist hún ekki vita það. „Ég veit ekki hvert næsta skref verður en ég vil vinna við þetta. Ég vil vinna við föt. Hvort sem það verður að sauma, gera snið, hanna eða vera í kvikmyndum, ég veit ekki hvað það verður,“ segir hún, en er staðráðin í því að vinna í tiskubransanum eftir nám.

Tök þátt í öllu mögulegu

Helga segir að til þess að komast að hjá erlendu hönnuðunum þurfi fólk að vera duglegt að koma sér á framfæri. „Ef þú veist hvað þú ert að gera, þá kemstu að. Þú bara treður þér þangað, ég held að það sé svolítið þannig,“ segir Helga og hlær. Í starfsnáminu fékk Helga að taka þátt í öllu mögulegu sem kom henni á óvart. Var þetta ekki skemmtileg upplifun? „Jú svakalega og miklu meira en ég bjóst við. Ég fékk að sjá og taka þátt í öllu. Maður var að gera snið beint eftir teikningu



HELGA ER HÆFILEIKARÍK OG BLÓMSTRAR Í NÁMINU



THREEASFOUR FRÁ VINSTRI: GABI ASFOUR, ANGELA DONHAUSER OG ADI GIL



VORLÍNAN 2011 HJÁ THREEASFOUR, HELGA AÐSTOÐAÐI VIÐ VINNSLU LÍNUNNAR

Brasilískt vax er sárt fyrir suma

Góðar ráðleggingar frá **Cosmopolitan** áður en haldið er í brasilískt vax

1 Taktu milda verkjatöflu áður en þú ferð í tímann. Eflaust eru margar konur sem treysta sér ekki í brasilískt vax vegna þess hversu gríðarlega sárt þetta er fyrir suma. Þetta er því sniðug leið fyrir þær sem eru með aðeins minni sársaukaþröskuld. Íbúfen er til dæmis tilvalið og gott er að taka töfluna um 45 mínútum áður en þú mætir.

2 Ekki panta tímann rétt áður en þú byrjar á mánaðarlega tímabilinu, þegar Rósa frænka kemur í heimsókn. Ástæðan er sú að húðin þín er mun viðkvæmari á þessum tímamarki, svo það hentar betur að velja tímasetningu þar sem eru allavega 3-5 dagar áður en þú átt að fara að byrja. Fyrir utan hvað það væri ekki smekklegt að fara í vax og vera á blæðingum. Smá virðing kannski fyrir snyrtidömunni?



HÚÐIN VERÐUR NÁNAST ENDURFÆDD EFTIR VAXIÐ

3 Ekki fara í ræktina eða klæðast þröngu strax. Ekki viltu fá útbrot á lilluna þegar þú ert nýbúin að þrúka erfiðan tíma í brasilísku

vaxi við að gera hana fina og sæta? Því er mælt með því að fara alls ekki í ræktina að svitna eða klæðast niðþröngum gallabuxum eða leggings sem nuddast upp við húðina á þessu svæði. Þú þarf að bíða í allavega 48 klukkustundir eftir því að geta farið á fullt í ræktinni. Ástæðan fyrir þessu er sú að þegar þú ert búin í vaxi er húðin þín eins og nýfædd og því er hún alveg svakalega viðkvæm. Leyfðu henni því bara aðeins að anda eftir átakið.

4 Pantaðu tímann milli klukkan 15 og 17. Á þessum tíma dags er sársaukaþröskuldur þinn í hámarki og því best að fara í vax þá. Ef þú pantar tíma klukkan 10 um morguninn þarftu að vera viss um að þú getir höndlað það eins og hörkutól.

Gangi ykkur vel í vaxinu stelpur...og strákar!



ÞAÐ GETUR VERIÐ SÁRSAUKAFULLT AÐ FARA Í VAX

ENGIN AUKAEFNI

ROTVARNAREFNI

BRAGÐEFNI

LITAREFNI

SÆTUEFNI



Milljarða maðurinn

Gylfi Þór Sigurðsson er það besta sem hefur komið fyrir íslenska knattspyrnu í áraraðir. Hann ræðir við **Monitor** um leiðina á toppinn, lúxuslíf atvinnumannsins, muninn á þýskum og enskum stelpum og hvernig það er að vera keyptur á meira en milljarð íslenskra króna.

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

bjornbragi@monitor.is
ernir@mbl.is

„Ég ákvað að sleppa því að fara í unglíngavinnuna á sumrin og æfði mig í staðinn í fótbolta,“ segir Gylfi Þór Sigurðsson, skærasta vonarstjarna íslenskrar knattspyrnu. Það verður að teljast einhver besta fjárfesting Íslandssögunnar, því þýska félagið Hoffenheim keypti Gylfa á meira en milljarð íslenskra króna frá enska liðinu Reading á dögnum. Já, Gylfi er orðinn svona góður, þrátt fyrir að vera nýorðinn 21 árs.

Gylfi er um þessar mundir að koma sér fyrir í Þýskalandi, er nýbúinn að finna sér hús sem hann hefur tekið á leigu og næst á dagskrá er að finna bíl sem hæfir knattspyrnuatvinnumanni í fremstu röð. Þegar ritstjóri Monitor náði tali af Gylfa var hann staddur á æfingarsvæði Hoffenheim, að undirbúa sig fyrir viðureign gegn Bayern München.

Þótt Gylfi sé atvinnumaður í þýsku stórliði, með hærri laun en öll íslenska ríkisstjórnin til samans og á föstu með fyrrum Ungfrú Ísland, er hann hógværdin uppmáluð og kemur einstaklega vel fyrir. Hann vílaði að minnsta kosti ekki fyrir sér að svara öllum spurningum Monitor, þótt einhverjar þeirra væru í óhefðbundnari kantinum...

Af hverju ertu svona óþolandi góður í fótbolta?

Ég veit ekki hvort ég er það, en það eru fyrst og fremst æfingar sem hafa skilað mér svona langt. Ég er búinn að vera í fótbolta síðan ég var þriggja eða fjögurra ára og hef alltaf æft mjög mikið.

Þurftir þú að vera heima að halda á lofti úti í garði á meðan félagarnir voru fullir úti í sjoppu?

Það var ekki alveg svo slæmt, en fótboltinn var alltaf í fyrsta sæti hjá mér. Mér fannst alltaf skemmtilegast að vera í fótbolta og sá bara ekki ástæðu til annars.

Hvað varstu gamall þegar þú fórst að stunda fótboltann af einhverri alvöru og byrjaðir að taka aukaæfingar?

Það var mjög snemma. Ætli það hafi ekki verið í kringum 5. eða 6. bekk. Þá langaði mig bara að vera í fótbolta og langaði að verða atvinnumaður. Þá byrjaði maður að taka aukaæfingar fyrir og eftir æfingar. Svo fór ég í Knattspyrnuakademiuna og mætti alltaf þar fyrir skóla klukkan sex á morgnana. Pabbi og bróðir minn hjálpuðu mér líka mikið. Ég ákvað líka að sleppa því að fara í unglíngavinnuna á sumrin og æfði mig í staðinn í fótbolta á daginn og fór síðan á æfingar seinnipartinn.

Það var greinilega viturleg ákvörðun að fjárfesta í hæfileikum í staðinn fyrir að reita arfa fyrir 300 kall á tímum í unglíngavinnunni.

Já, ég held það. Ég sé allavega ekkert eftir því núna. Þetta var það sem ég vildi gera og fínt að pabbi leyfði mér það.

Þú fórst út í atvinnumennskuna 15 ára gamall. Fórstu bara einn út?

Já, ég fór út haustið eftir 10. bekk. Ég var einn fyrstu mánuðina og bjó þá hjá fólki sem sér um leikmenn úr 18 ára liðinu. Um jólin komu svo mamma og pabbi út og

■ ■ Það eru tveir bílar sem ég er að spá í að kaupa. Ég ætla að fá mér einhvern Benz og örugglega Audi líka.

þau bjuggu með mér fyrstu þrjú árin. Það var mjög fínt, annars hefði maður örugglega orðið frekar einmana. Það var gott að hafa einhvern til að tala íslensku við.

Varstu þá að hringja grátandi heim fyrstu vikunar eftir að þú fluttir út?

Nei, sem betur fer ekki. Þegar maður bjó á Íslandi vildi maður alltaf komast út, en svo þegar það loksins gerðist þá vildi maður bara vera á Íslandi. En þetta var nú ekki svo slæmt. Ég fór út til að spila fótbolta sem var akkúrat það sem mig langaði að gera, þannig að ég var mjög ánægður.

Hvernig fílaðir þú að búa á Englandi? Eru Englendingar skemmtilegt fólk?

Mér líkaði mjög vel. Fyrsta hálfariði var þetta svolítið öðruvísi, enda var ég svo ungur. Það voru viðbrigði að koma á alveg nýjan stað þar sem maður rataði ekki neitt og vissi ekki hvar neitt var, en um leið og ég var kominn svolítið inn í þetta fannst mér þetta mjög finn staður. Englendingar eru mjög hjálpsamir og kurteisir, en það kom mér svolítið á óvart hvað ensku strákarnir drekka mikið. Yfir helgarnar voru þeir svolítið mikið að djamma, en ég drekk ekki sjálfur. En mér fannst mjög fínt að búa í Englandi og hefði alveg verið til í að vera þar áfram í nokkur ár. Ég get alveg hugsað mér að fara aftur til Englands einhvern tímann seinna.

Heldurðu að það eigi þátt í því hvað þú hefur náð langt að þú drekkur ekki?

Já þá, það getur alveg verið. Mig hefur bara einhvern veginn aldrei langað að drekka. Ég veit ekki hvort það hefur hjálpað mér eða ekki, en eflaust hefur það ekki skemmt fyrir.

Þú varst kjörinn besti leikmaður félagsins af aðdáendum Reading í fyrra og skoraðir haug af mörkum. Varstu orðinn Jesús Kristus borgarinnar?

Þetta var kannski ekki svo stórt. Það gekk vel hjá mér persónulega þó að það hafi ekki gengið vel hjá liðinu framan af. En eftir jól, eftir að það var skipt um þjálfara, hrukkum við í gang og unnum nánast alla leiki síðustu þrjá-fjóra mánuðina. Það er bara verst að við byrjuðum svona illa því annars hefðum við getað komist upp í úrvalsdeildina.

Hefðir þú viljað vera áfram ef þið hefðuð komist upp um deild?

Já, að sjálfsögðu ef við hefðum farið upp síðasta vor og liðið væri að spila í úrvalsdeildinni. Þú spilar ekkert í sterkari deild en það. Það hefði verið vitlaust að fara þá.

Lentir þú í einhverjum brjáluðum aðdáendum úti í Reading? Voru menn ekkert að tjalda í garðinum hjá þér?

Nei, ég var bara heppinn með það og lenti ekki í neinu öðruvísi en þessu venjulega. Englendingarnir eru mjög rólegir og fínir og ekkert að þröngva sér upp á mann. Sumir vilja fá áritun eða mynd, en það er nú yfirleitt ekkert meira en það.

Hvað ertu búinn að fara mörg hundruð sinnum á YouTube til að horfa á markað fræga sem þú skoraðir á móti Liverpool?

Ég horfði nokkrum sinnum á það fyrstu vikunar eftir það, en ég er ekki búinn að kíkja á það lengi. Ég þarf að fara að rifja það upp á eftir.

Er það rétt að Englendingarnir hafi kallað þig The Sig sem er þá væntanlega vísun í The Stig úr Top Gear?

Já. Ég er ekki alveg með á hreinu hvað þetta er því ég

HRADA-SPURNINGAR

Það fyrsta sem þú gerir þegar þú kemur til Íslands? Fer í bakaríð eða fæ mér Vesturbæjarís.

Frægasti maður sem þú hefur hitt? Ætli það sé ekki Ronaldo. Ég hittí hann þegar Reading var að spila við Manchester í úrvalsdeildinni.

Steiktastur í íslenska landsliðinu? Indriði Sigurðsson er ofarlega þar á lista. Hann er algjör snillingur. Hann er pabbinn í hópnum og án efa einn sá fyndnasti í landsliðinu.

Besta bíómynd sem þú hefur séð?

Það eru svo margar. Ég var að horfa á Hangover í gær, hún var fín.

Platan í spilaranum hjá þér núna? Í bílaleigubílum er nú bara þýskt útvarp sem ég skil ekkert í. En ég er búinn að vera að hlusta svolítið á nýju plötuna með Drake.

Fyrirmynd í boltanum? Þær eru nokkrar, Frank Lampard, Ronaldo og Zidane.

Fyrirmynd í eldhúsinu? Jamie Oliver.

England eða Þýskaland? Þetta er erfitt. Segjum Þýskaland.

Gylfi Sig eða Gylfi Ægis? Gylfi Sig.



horfi aldrei á þessa þætti. Mér skilst að þetta sé einhver karl með hjálm á hausnum sem enginn veit hver er. The Sig er nú væntanlega bara til komið út af Sigurðsson.

Af hverju ákvaðstu að fara til Hoffenheim?

Þetta var bara tilboð sem ég gat ekki hafnað. Mér leið rosalega vel úti í Reading, en ef ég hefði verið þar áfram hefði það verið út af röngum ástæðum. Þar fékk ég að spila í hverri viku og ég vissi að ég fengi að spila sama hvernig ég stóð mig. Ég vildi náttúrulega alls ekki staðna og mig vantaði nýja áskorun. Núna er ég kominn á stað þar sem ég þarf að sanna mig aftur og ég held að þetta hafi gerst á hárréttum tíma. Þýska deildin er ein sú sterkasta í heiminum, ég held að margir geri sér ekki grein fyrir því hvað hún er stór.



viöta liö

G'YT.FE.TPÓR

Hvernig tilfinning er að vera keyptur á meira en milljarð íslenskra króna?

Það er fin tilfinning (hlær). Ég er mjög lítið að spá í þessu. Það eina sem ég hugsa um núna er að koma mér fyrir og fara að læra eitthvað í þýskunni. Ég hef meiri áhyggjur af því en hversu mikið kaupverðið var. Maður spáir ekkert í því þegar maður er að spila fótbolta.

Ertu ekkert að labba framhjá þylum og einkapotum og segja við sjálfan þig: „Ég er jafn verðmætur og þetta!“

Ég hef ekki gert það ennþá, en ég geri það pottþétt næst þegar ég fer í flug.

Ertu búinn að koma þér vel fyrir í Þýskalandi? Kominn með stað til að búa á?

Ég var einmitt að finna mér hús og flyt inn í það um mánaðarmótin. Ég ætla að reyna að fara að flytja eitthvað af dótinu mínu frá Englandi. Ég ætla bara að byrja á því að leigja, enda hef ég ekki hugmynd um hvar er best að búa, en svo kannski kaupi ég mér hús seinna. Maður er rétt byrjaður að læra leiðina á æfingasvæðið og heim aftur.

Ég treysti því að þú hafir leigt þér kastala til að búa í.

Nei, reyndar ekki, en ég er mjög ánægður með húsið sem ég fann. Ég var búinn að skoða mörg hús sem mér leist illa á áður en ég fann þetta.

**Hvað er húsið stórt?**

Það er eitthvað um 200 fermetrar. Þetta er á tveimur þremur hæðum og bara mjög fint.

Kanntu eitthvað í þýsku?

Maður er kominn með nokkur orð í fótboltanum; vinstri, hægri, hornspyrna og maður í bak. Þetta er allt að koma. Ég náði að panta fyrstu máltíðina á þýsku núna um daginn.

Hvað fékkstu þér?

Kjúklingapasta. Ég man ekki hvernig ég gerði það. Ég sagði bara: „Kann ich habe...“ eitthvað. Það kom allavega pasta með kjúklingi, þannig að þetta virkaði.

Þig vantar kannski menntaskólabýskuna.

Já, því miður. Ég valdi ensku og spænsku þegar ég var í fjarnámi í Versló. Núna sé ég eftir því að hafa ekki valið þýskuna, þá gæti maður reddað sér betur hérna.

Ertu búinn með stúdentinn?

Nei, ég er ennþá í fjarnáminu. Ég tók mér reyndar frí í fyrra því það var fyrsta almennilega tímabilið mitt og ég vildi einbeita mér að fótboltanum. En planið er að klára stúdentinn. Þetta tekur bara svo langan tíma þegar maður er í fjarnámi og er í fótbolta og þarf að ferðast mikið. Maður getur ekki tekið meira en svona níu einingar á önn.

Hvað heldurðu að það sé langt þangað til þú byrjar að segja „scheisse“ og virkilega meina það?

Það eru örugglega einhverjir mánuðir í það. Ég er ennþá bara í „fuck off“ og einhverju svoleiðis.

Er talsmáttinn í enska boltanum ekki fáránlega grófur?

Jú, hann er það. Ég er bara búinn að vera þar svo lengi að ég er orðinn vanur því. Maður er ennþá svolítið að hugsa á ensku ennþá.

Má maður eitthvað segja þýsku dómurinum að fokka sér?

Ég held ekki. Ég ætla allavega ekki að reyna það. Þeir eru svo strangir og agaðir hérna í Þýskalandi. Dómararnir í enska boltanum kippa sér ekkert upp við þetta. Þess vegna lenda ensku liðin í vandræðum þegar þau fara að spila í Evrópukeppninni og fara að rífa kjaft við evrópsku dómurana. Þeir taka þessu ekki eins vel.

Hvað ertu búinn að kaupa þér marga Benz-bíla síðan þú komst til Þýskalands?

Engan ennþá. Ég er á bílaleigubíl. Ég var nú bara að klára að selja bílinn minn í Englandi.

Á hvernig bíl varstu þar?

Ég var á Audi Q7. Stýrið er náttúrulega vinstra megin í honum þannig að það er ekkert hægt að taka þetta yfir.

Á ekki að splæsa í nýja þýska glæsikerru fyrst þú ert kominn til Þýskalands?

Jú, ég held að maður verði að fá sér einhvern almennilegan bíl. Það eru tveir bílar sem ég er að spá í að kaupa. Ég ætla að fá mér einhvern Benz-bíl og örugglega Audi líka.

Hvað er það svaðalegasta sem þú hefur keypt þér síðan þú fórst að eignast einhverja peninga?

Ætli það sé ekki bíllinn í Englandi sem ég keypti mér þegar ég var nýkominn með bílpróf. Ég hef ekkert verið að missa mig í peningaeyðslunni, allavega ekki hingað til, enda er ferillinn stuttur og maður verður að passa upp á þá.

Geturðu ekki komið með einhvern smá gjaldeyri til Íslands og hjálpað okkur að rétta þjóðarskútuna af?

Á ég að koma með hann? Ég veit ekki hvernig reglurnar eru með þetta, en við skulum sjá til. (Gylfi er mjög hrifinn af þessari hugmynd.)

Þú varst í sjúklega hvítum skóm í myndatökunni. Þússarðu þá svona vel eða kaupirðu bara nýtt par á hverjum degi og hendir því svo í lok dagsins?

Heyrðu þetta var nokkuð nýtt par. Ég er ekki mikið að pússa þá, en maður reynir bara að halda þeim hreinum.

Félagar þínir sögðu mér að þú værir að drukna í kvenhylli.

Ég veit það nú ekki. Ég tek ekki eftir því. Ég held að það sé ekkert meira en hjá næsta manni.

Hvort eru þýskar eða enskar stelpur sætari?

Það er erfitt að svara þessu, þær eru slappar báðum megin. Þær eru kannski skárri í Þýskalandi, en ef maður á að vera hreinskilinn þá er standardinn frekar lágur á báðum stöðum. Því miður.

Þú ert náttúrulega lofaður fyrrum Ungfrú Ísland, Guðrúnu Dögg Rúnarsdóttur, þannig að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því. Hvenær fóruð þið að vera saman?

Við byrjuðum að hittast í byrjun júní. Hún er einmitt hjá mér núna í vikuheimsókn.

Þvílíkt stjórnupar maður.

Segðu!

Sagan segir að þú sért mikill snillingur í eldhúsinu.

Maður er náttúrulega búinn að vera svolítið mikið einn í gegnum árin, þannig að maður hefur reynt að elda eitthvað og þróa sig áfram. Ég er farinn að matreiða dýrindis rétti.

Ertu Siggí Hall knattspyrnunnar?

Ekkir ennþá, en þetta er á réttir leið.

Þarftu ekki að hafa eitthvað fyrir stafni þegar þú hættir í boltanum? Þú gætir opnað veitingastað eða byrjað með matreiðsluþátt.

Ég held ég fari nú að gera eitthvað annað, eins og að spila golf.

Já, ég er líka búinn að heyra að þú sért undrabarn í golfi. Hvað ertu með í forgjöf?

Ég er með eitthvað í kringum 10 í forgjöf. Ég er búinn að vera í golfi mjög lengi, alveg síðan ég var 10 ára. Ég held að golfvellirnir í Þýskalandi séu einmitt mjög góðir. Eigandi liðsins á einn flottasta golfvöll Þýskalands, þannig að ég á eftir að prófa hann.

Ert þú maðurinn sem kemur íslenska landsliðinu loksins á stórmót, eða eigum við bara að hætta að reyna?

Ég held að við hættum ekkert að reyna. 21 árs landsliðið er nú ekki langt frá þessu núna. Það eru náttúrulega kynslóðaskipti í landsliðinu núna. Fullt af ungum strákum sem eru að koma upp og ég held að við þurfum að fá nokkur ár. Ég held að liðið verði firmasterkt í næstu undankeppni þegar við erum búnir að spila meira saman og komnir með meiri reynslu. Þetta tekst einhvern tímann.

■ ■ Það eina sem ég hugsa um núna er að koma mér fyrir og fara að læra eitthvað í þýskunni. Ég hef meiri áhyggjur af því en hversu hátt kaupverðið var.

“Ég er foli og það eru hestöfl í Hámarki”



Súkkulabragð

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er samsett af gæða mjólk og mysuþróteini sem eru dæmdu og mjúkt þíð líknanum hrist og veit. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhalds og uppbyggingar. Vörum er mælt með bláum Hámark próteindrykk sem er með miltmálki frá Gæðum Hámarki. Áhrif Gæð og Ísraels Gæðanna. Einkablaði og margbláir veitendur í límsu. Yfir 80% af mjólkurinnu hefur verið klórað og hefur dýrlyfing þessum þingi verið fjarlægð.

Jardarberjabragð

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er samsett af gæða mjólk og mysuþróteini sem eru dæmdu og mjúkt þíð líknanum hrist og veit. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhalds og uppbyggingar. Vörum er mælt með bláum Hámark próteindrykk sem er með miltmálki frá Gæðum Hámarki. Áhrif Gæð og Ísraels Gæðanna. Einkablaði og margbláir veitendur í límsu. Yfir 80% af mjólkurinnu hefur verið klórað og hefur dýrlyfing þessum þingi verið fjarlægð.

Vanillubragð

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er samsett af gæða mjólk og mysuþróteini sem eru dæmdu og mjúkt þíð líknanum hrist og veit. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhalds og uppbyggingar. Vörum er mælt með bláum Hámark próteindrykk sem er með miltmálki frá Gæðum Hámarki. Áhrif Gæð og Ísraels Gæðanna. Einkablaði og margbláir veitendur í límsu. Yfir 80% af mjólkurinnu hefur verið klórað og hefur dýrlyfing þessum þingi verið fjarlægð.

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL

FERILLINN



Michael Douglas

Hæð: 178 sentimetrar.
Besta hlutverk: Gordon Gekko í Wall Street.
Eitruð tilvitnun: „Það eina sem karlar og konur eiga sameiginlegt er að þeim líkar báðum við félagskap karlmannna.“
Skrýtin staðreynd: Michael Douglas átti réttinn að handritinu að One Flew Over The Cuckoo's Nest og framleiddi myndina. Douglas ætlaði upphaflega að leika aðalhlutverkið sjálfur, en hætti við og fékk Jack Nicholson í verkið og hlaut hann Óskarinn fyrir frammistöðuna.

1944 Fæðist 25. september í New Jersey. Hann er sonur leikarans Kirk Douglas.

1972 Vekur fyrst á sér athygli þegar hann fær hlutverk í sjónvarpsþáttunum The Streets of San Francisco.

1975 Framleiðir One Flew Over the Cuckoo's Nest sem hlýtur Óskarinn sem besta mynd.

1977 Kvænist Diöndru Luker, en þau skilja árið 2000. Þau eignast saman soninn Cameron, en í apríl 2010 er hann dæmdur í fimm ára fangelsi vegna fíkniefnabrota.

1980 Lendir í alvarlegu skíðaslysi sem gerir það að verkum að hann getur ekki leikið í þrjú ár.

1984 Leikur á móti Kathleen Turner í Romancing the Stone og slær í gegn fyrir alvöru sem leikari í Hollywood.

1987 Hlýtur Óskarinn sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í Wall Street. Sama ár leikur hann einnig í Fatal Attraction sem nýtur mikilla vinsælda.

2000 Kvænist leikkonunni Catherine Zeta-Jones. Það er nákvæmlega 25 ára aldursmunur á þeim, en þau deila sama afmælisdegi.

2010 Greinir frá því í ágúst mánuði að hann sé með krabbamein í hálsi.



Frumskýningar helgarinnar

Wall Street: Money Never Sleeps

Leikstjóri: Oliver Stone
Aðalhlutverk: Michael Douglas, Shia LaBeouf, Josh Brolin, Carey Mulligan, Eli Wallach, Susan Sarandon og Frank Langella.
Lengd: 133 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,4 / Metacritic: 6,2 / Rotten Tomatoes: 63%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Michael Douglas er mættur aftur sem hinn eini sanni Gordon Gekko, sem segja má að sé rokkstjarna fjármálaheimsins. Nú er hann laus úr fangelsi og finnst hann utangáttar í heimi sem hann einu sinni stjórnaði. Ungur fjárfestir verður fórnarlamb hans og lærir að Gekko er enn meistari í kænaskubrogðum og baktjaldamakki. Málið flækist hins vegar heldur betur þegar ungi fjárfestirinn reynist vera kærasti dóttur Gekkos.

Drama og djók uppistandsstelpna

Myndin Uppistandsstelpur verður frumsýnd á RIFF um helgina

„Við fylgum eftir ellefu ungum konum sem eru orðnar leiðar á kvennaleysi í uppistandi á Íslandi. Þær ákveða að stofna sjálfar uppistandshóp en eru flestar alls óreyndar á þessu sviði,“ segir Áslaug Einarsdóttir, leikstjóri myndarinnar Uppistandsstelpur, en myndin verður frumsýnd á RIFF.

„Þær eru jafn ólíkar og þær eru margar, frá anarkistum og magadansmeyjum til lesbískra doktorsnema og húsmæðra í Vogunum. Við fylgjumst með sorgum þeirra og sigrum, drama og djóki.“

Hópurinn sem fylgst er með kallar sig Uppistöðufélagið og hefur vakið töluverða athygli síðustu misseri. Myndin var forsýnd í sumar og hlaut hún að sögn Áslaugar afar góðar viðtökur viðstaddir. Nú verður hún sýnd þrisvar á RIFF og er frumsýningin í Háskólabíó á laugardaginn klukkan 16.

„Svo verður uppistand um kvöldið á Næsta bar með völdum stelpum úr myndinni og þangað eru að sjálfsgöðu allir velkomnir líka,“ segir Áslaug.



LEIKSTYRAN ER ÁNÆGD MEÐ MYNDINA



GORDON GEKKO TÓK EKKI ÞÁTT Í ÍSLENSKU ÚTRÁSINI



Piranha 3D

Leikstjóri: Alexandre Aja. **Aðalhlutverk:** Elisabeth Shue, Jerry O'Connell og Richard Dreyfuss. **Lengd:** 88 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,8 / Metacritic: 5,3 / Rotten Tomatoes: 76% **Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára. **Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó.



Forsögulegir mannætipiranafiskar herja á strandargesti. Nú þarf hópur manna að sameina krafta sína til að koma í veg fyrir að þeir verði næstir í matseðlinum.

Solomon Kane

Leikstjóri: Michael J. Bassett. **Aðalhlutverk:** James Purefoy, Max von Sydow og Pete Postlethwaite.
Dómar: IMDB: 6,8 / Rotten Tomatoes: 83% **Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16. **Kvikmyndahús:** Sambíóin.



Solomon Kane er málaliði Englandsdrottningar. Eftir að hafa lent í návígi við djöful stendur hann frammí fyrir því að fá syndaflausn eða eilífa vist í helvíti.

Popp-korn

Heroes-stjarnan Hayden Panettiere ætlar ekki að festast í hlutverki krúttlegu klappstýrnnar en hún hefur verið fengin til að leika Amöndu nokkra Knox, sem hefur verið dæmd í 26 ára fangelsi fyrir að myrða herbergisfélagá sinn þegar hún var skiptinemi á Ítalíu á síðasta ári. Lindsey Lohan og Megan Fox eru á meðal þeirra sem einnig vildu hlutverkið.



Leikstjórinn Christopher Nolan, sem leikstýrði meðal annars Inception, Memento og The Dark Knight, vill að Inception verði gerð að tölvuleik. Segir hann að í tölvuleik væri hægt að koma að allskonar hugmyndum sem ekki væri hægt að gera góð skil á hvíta tjaldinu.



Natalie Portman er sögð vilja taka að sér hlutverk Mjallhvítar í nýrri og fulloröðinslegri útgáfu ævintýrisins. Það er leikstjórinn Jean-Pierre Jeunet sem mun leikstýra myndinni en hann á að baki myndir á borð við Amelie og Delicatessen.



hollt er gott




KJÚKLINGUR

alvöru grillaður kjúklingur

Geislasvegi 5 • Reykjavík • Sími 588 8585

Opíð alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is



Sundsamlega gott!
Heilsulindir í Reykjavík



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000



hummel
Character since 1923

ORIGINAL

SPORTVER

SMÁRALIND

GLERÁRTORGI

LOKAPRÓFIÐ

| 23. september 2010 |

MONITOR
 skólinn

Ég heiti Ólöf Jara Skagfjörð

Þegar ég var lítil sagði mamma alltaf við mig:

Dú veist hver ég er af því að ég á fræga foreldra...
held ég...

Í Buddy Holly söngleiknum leik ég kærustu Ingó í Veðurguðunum en
 a) Við erum líka kærustupar í raunveruleikanum.
 b) Í raun og veru hata ég hann.
 c) Hann er ekki jafn sætur þegar maður kemur alveg upp að andlitinu á honum.
 d) Ég fæ mér alltaf rautt eðal ginseng fyrir æfingar því hann er svo ofvirkur.
 e) Ég hef samt aldrei hitt hann. Hann kemur víst ekki fyrr en á frumspáningu... Eittuvert samningabroti held ég hef líka leidd Sandy í söngleiknum Grease en þið vitið ekki að



a) Ég hata í raun og veru söngleiki og nenni ekki að leika í Buddy Holly en mér var mútað til að gera það.
 b) Það var ekki ég heldur illi tvífarinn minn, Ólöf Tjara.
 c) Mig hefur alltaf dreymt um að vera ljóshærð eins og hún.
 d) Ég lék einnig í japanskri uppfaerslu á leikritinu og hét þá Xan Di.
 e)

Það sem ég hata mest er KR!

en ég elska Breidablik...
Yeah baby!

Minn helsti veikleiki er særabrauð og kækur... mmm...

en ég er ógeðslega góð í Mario Bros 3...
-sem tengist að vissu ekkert kökum...



- a) Passaðu þig á bílunum
- b) Passaðu þig á strákunum
- c) Passaðu þig á kalóríunum
- d) Passaðu þig á háu nútunum
- e) Allt ofantalið

Ekki spyrja mig um FM-tónlist
 en ég er sérfræðingur í Eurovision

Besti söngleikurinn er:

- a) Grease
- b) Westside Story
- c) Buddy Holly
- d) Fame
- e) Wicked - tjeppið á honum!

Í fyrra lífi var ég Johanne af Örk, alla

vaga samkvæmt
 Af eftirfarandi söngfuglum Facebook
 myndi ég helst vilja taka upp dúett með:

- a) Geir Ólafs
- b) Leonicie
- c) Ásdís Rán
- d) Fríðriki Dór
- e) Gylfa Ægis

Af því að allir
hinir
hræða mig
dálitid



Karlar eru í konuleit
 en konur eru í karlelit... Alla vega
sögu Stúdmenn það.

Ef ég mætti velja mér eitt par af eftirfarandi til að fara í heimsreiðu með yrði það:

- a) Gillzenegger og Auddi Blö
- b) Jónína Ben og Gunnar í Krossinum
- c) Vala Grand og Haffi Haff
- d) Simmi og Jói
- e) Ólafur og Dorrit

Af því að þau hafa sambönd
liti um allan heim og
gætu plöggað hverju sem
 í kvikmynd um ævi mína myndi ég velja Natalie Portman


til að leika mig en líklega yrði það samt einhver
íslensk, eins og Unnur Ösp
eða eitthvað...

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa 42

Síðast en ekki síst

» Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs HÍ, fílar:


Kvikmyndin One Flew Over the Cuckoo's Nest hefur verið kyrflega greipt í minni mitt síðan



ég sá hana fyrst fyrir mörgum árum. Jack Nicholson toppaði þar vafalaust leiklistarferil sinn sem hinn vafasami McMurphy og dvöl hans á bandarískum geðspítala er ógleymanleg.

Sjónvarpsþátturinn Blessunarlega er ég laus við alla sjónvarpsfíkn og man gamla túbusjónvarpið mitt fífl sinn fegurri. Mér finnst þó að framleiðsla dramapáttanna **My so called life** ætti að halda áfram þar sem frá var horfið, þeir mörkuðu djúp spor í líf mitt á sínum tíma!

Bókin Rithöfundurinn Milan Kundera hefur lengi verið í miklu uppáhaldi hjá mér, síðan ég las **Óbærilegan léttleika tilverunnar** í bókmenntafræði í menntaskóla.



Platan XX með hljómsveitinni The XX fær alla mína athygli þessa dagana enda gefur hún unaðslega áheyrn frá upphafi til enda. Svo sakna ég sérdeilis þess tíma er kassettur tröllriðu heiminum. Um daginn áskotnaðist mér The Best of Bee Gees á kassettu úr Geisladiskabúð Valda sem fær að rúlla fram og til baka í bílnum.



Vefsíðan Stúdentaráð stofnaði nýverið vefsíðuna **www.verjummenntun.is** sem er liður í herferð okkar gegn niðurskurði í fjárframlögum til Háskóla Íslands.

Staðurinn Kaffi Mokka á Skólavörðustígnum. Það er einhver ólýsanlegur sjarmi yfir staðnum og veit ég fátt betra en að tylla mér þar niður yfir góðum kaffibolla.



Eitthvað fyrir alla á English Pub

Yfirleitt er troðið út úr dyrum af fólki á The English Pub og þekja flestir til staðarins, en sá enski hefur nú þjónað bjórþyrstum viðskiptavinum sínum í rúmlega þrjú ár. Staðurinn stendur við Austurstræti og er opin út á Austurvöll þar sem hægt er að sitja í sólinni og hafa það notalegt á góðviðrisdögum. Það er líf og fjör á Enska barnum bæði um helgar og á virkum dögum enda er boðið upp á lífandi tónlist öll kvöld. Monitor hittir Jóhann Má Valdimarsson, vaktstjóra, á förnun vegi og fékk að forvitnast aðeins um dagskrána hjá The English Pub.



Human Jukebox
„Á miðvikudögum erum við með mennskan glymskratta. Þá spilar Raggi trúþador óskalög úr salnum. Við erum með lista yfir 200 lög og fólk getur valið af honum þau lög sem það vill heyra. Þetta hefur fengið frábærar viðtökur hjá okkur og það skapast alltaf mjög skemmtileg stemning þegar óskalögin koma hvert á fætur öðru.“

Októberfest
„Núna var að byrja hjá okkur Októberfest sem stendur út allan októbermánuð. Bjórinn á 500 kall og auðvitað lífandi tónlist öll kvöld.“

Fótbolta-pub-quiz
„Sammarinn.com sér um fótbolta-pub-quiz hjá okkur á hverju sunnudagskvöldi. Tilvalið fyrir fótboltaáhugamenn sem vilja fá verðlaun fyrir að kunna allt um

Boltinn
„Við leggjum mikinn metnað í að sýna alla fótboltaleiki á Enska Barnum. Á staðnum eru fjögur stór tölur sem við vörpum leikjunum á en það er hægt að horfa á Enska boltann, Meistaradeildina og alla þá leiki sem hugurinn gírnist hjá okkur.“

Lukkuhjólíð
„Gestir okkar geta freistað gæfunnar og farið í Lukkuhjólíð fræga. Það kostar 1500 kr. að snúa hjólinu en verðlaunin eru til dæmis einn metri af bjór eða átta bjórar. Hjólíð hættir varla að snúast, það er svo vinsælt.“



SKEMMTANA EFTIRLITID
ENGLISH PUB



„Í dag er Guinness-dagurinn á English Pub sem þýðir að Guinness-bjór er á litlar 250 kr.“

Mynd/Emir

fílófaxið

fimmtudag **23** sept



RING ROKKFEST

Á lóð Háskóla Íslands
19:00 Októberfest hefst með Ring Rokkfest í risatjaldi á lóð Háskóla Íslands. Fjöldi banda kemur fram, meðal annars Moses Hightower, Ourlives, Of Monsters And Men, Lára Rúnar, 200.000 naglbítar og fleiri. Armband sem gildir alla helgina kostar 2.900 en miði á Ring Rokkfest kostar 1.500 krónur.

SJÓNVARPSLAUST FIMMTUDAGSKVÖLD

Slippsalurinn
20:30 Sjónvarpslaus í Slippsalnum – Nema forum á Mýrargötu 2 bjóða upp á skemmtilegan og uppbyggilegan valkost við sjónvarpsgláp. Fram koma dúettinn Ylja, bluegrass-sveitin Woodcraft og balkandjassarnir í Blæti. Húsið opnar klukkan 20 og er almennt miðaverð 1.500 krónur, en 1.000 krónur fyrir námsmenn.



SJONNI OG HREIMUR

B5
22:00 Ofur-trúþadorarnir Sjonni Brink og Hreimur koma fólki í fimmtudagsgírinn á B5.

ÓKEYPIS OG ELEKTRÓNISKT

Faktorý
22:00 Tonik, Ljósvaki og Future-grapher koma fram á hreint rafmagnuðum tónleikum á Faktorý. Aðgangur er ókeypis en húsið opnar klukkan 21. Á neðri hæð verður svo Full Moon partí með Dj Tomma White og Sir Dancealot.

föstudag **24** sept

OKTÓBERFEST

Á lóð Háskóla Íslands
19:00 Mottur, Bratwurst, saltkringlur og ölkrúsir munu einkenna kvöldið. Sannkölluð þýsk stemning. Armband sem veitir aðgang að öllum viðburðum Októberfest kostar 2.900 en miði á þetta eina kvöld kostar 1.900 krónur.

UPPISTAND

Faktorý
21:00 Stelpurnar í Uppistöðufélaginu fara með gamanmál í tilefni loka Jafnréttisdaga HÍ. Ókeypissinn.

TROPICAL SWIMM-IN

Sundhöll Reykjavíkur
21:00 Suðræn stemning í boði RIFF í Sundhöll Reykjavíkur. Sandur, pálmatré, sundföt og svalandi drykkir og Some Like It Hot verður sýnd á stóru tjaldi. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

VARSJÁRBANDALAGIÐ

Rosenberg
22:00 Varsjárbandalagið er á miklu flugi og skemmtir mannskapnum á Rosenberg bæði á föstudags- og laugardagskvöld. 1.500 krónur inn og fjórið hefst klukkan 22 bæði kvöldin.

laugardag **25** sept

SVEITABALL

Á lóð Háskóla Íslands
21:00 Á síðasta kvöldi Októberfest verður slegið upp ekta sveitaballi í risatjaldinu á lóð HÍ. Þá dugir ekkert annað en að fá Skítamóral á svæðið. Miðaverð er 1.900 krónur en armband sem gildir á alla viðburði Októberfest um helgina kostar 2.900 krónur.

KLASSART OG FÉLAGAR

Sóðóma
23:00 Hljómsveitin Klassart efnir til tónleika ásamt Markús and the Diversion Sessions. Húsið opnar klukkan 23 en Markús hefur leik rétt fyrir miðnætti. Klassart taka svo við rétt fyrir klukkan eitt. Miðaverð er 1.000 krónur.

ASK THE SLAVE

Faktorý
23:00 Hljómsveitin Ask the Slave fagnar útgáfu plötunnar The Order of Things. Húsið opnar klukkan 22 og miðaverð er 500 krónur. Dj Logi Pedros spilar á neðri hæð.



Nýtt

Ferskari lengur

Nýr Dove mýkjandi lyktareyðir sem dregur úr hárvexti. Dove hair minimising svitalyktareyðir, inniheldur ¼ Dove rakakrem sem verndar húðina og mýkir. Við reglubundna notkun dregur úr hárvexti undir höndum, þökk sé hinni einstöku Pro-Epil Complex formúlu sem inniheldur náttúruleg efni, s.s. sojaprótein og sólblómaolíu. Dove hair minimising hægir tímabundið á frumuendurnýjun í hársökknum, þannig að hárið verður mýkra og vex ekki eins hratt.





Oktoberfest

Ring Rokkfest í kvööööld!!!

 **BEIN ÚTSENDING**
á www.facebook.com/ringjarar ef þú kemst ekki!



SHÍ

